

Fjárhagsáætlanir SSNE fyrir árin 2022 (endurskoðuð) og drög að áætlun 2023.

SSNE leggja fram fyrir ársþing samtakanna endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi rekstrarár 2022 og drög að áætlun fyrir rekstrarárið 2023. Áætlanirnar eru byggðar á rekstrarniðurstöðu ársins 2021 og samþykktum ársþings SSNE í apríl 2021 og aukabings samtakanna í október sl. Verðlagsbreytingar eru reiknaðar miðað við vænta þróun vísitölu neysluverð. Þó eru framlög sveitarfélaga til SSNE miðuð við vænta þróun launabreytinga sem Íslandsbanki lagði til grundvallar í [þjóðhagssþá](#) sinni sem birt var í janúar sl., en bankinn gerir ráð fyrir að almennar launahækkanir ársins 2022 verði 6,1%.

Stærsti hluti kostnaðar SSNE eru laun starfsfólks. Allir kjarasamningar eru lausir og ríkir mikil óvissa um þróun launakostnaðar á næstu árum. Því er viðbúið að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 muni taka verulegum breytingum þar til hún verður lögð til endanlegrar staðfestingar á aukabingi SSNE síðari hluta ársins.

Gert er ráð fyrir að tekjur til rekstrar SSNE verði samtals u.þ.b. 163,7 m.kr. á árinu 2022 og 171,1 m.kr. á árinu 2023. Rekstrartekjur skiptast í:

- Framlög Jöfnunarsjóðs.
- Framlag Jöfnunarsjóðs v/sóknaráætlunar.
- Framlög sveitarfélaga.
- Framlög Byggðastofnunar v/atvinnuþróunar.
- Framlög Norðurþings v/atvinnuþróunar.

Framlög Jöfnunarsjóðs hækka verulega frá upphaflegri fjárhagsáætlun fyrir 2022, eða um ríflega 3,5 m.kr. Þessi framlög byggja á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2021, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2020 og áætludum útsvarsstofni sveitarfélaga 2021. Vegna þess hve flókin reiknireglan er er úthlutun ársins 2022 látin standa óbreytt í fjárhagsáætlun 2023.

Áætlað er að kostnaður við yfirstjórn verði u.þ.b. 153,8 m.kr. á árinu 2022 (152,5 m.kr. í fyrri áætlun) og 163,1 m.kr. á árinu 2023. Yfirstjórn SSNE skiptist í:

- Ársþing – deild 21.
- Stjórnarfundir SSNE – deild 22.
- Aðra fundir stjórnar – deild 23.
- Skrifstofu SSNE – deild 24.
- Skrifstofu atvinnuþróunar – deild 25.
- Verkefnastjóra menningarmála – deild 26.

Stutt yfirferð yfir einstakar deildir yfirstjórnar:

21, 22, 23

Ársþing - Stjórnarfundir SSNE - Aðrir fundir stjórnar:



Kostnaður við ársþing SSNE árið 2021 var mun lægri en áætlun gerði ráð fyrir, enda þingið í fjárfundi vegna heimsfaraldursins. Ársþing 2022 er hins vegar staðar þing og því áætlaður kostnaður við það 1,5 milljónir króna. Áætlun fyrir þing 2023 gerir ráð fyrir hækkun kostnaðar sem fylgir breytingu vísitölu neysluverðs. Gert er ráð fyrir 14 stjórnarfundum á árinu 2022 en einum færri árið 2023 og að kostnaður við það og aðra fundi stjórnar verði um 9,8 m.kr og 10,5 m.kr á árinu 2023.

Í öðrum fundum stjórnar (deild 23) felst t.d. seta stjórnarformanns í stjórn Markaðsstofu Norðurlands og seta varaformanns í starfshópi sem hefur það hlutverk að skilgreina svæðisbundið hlutverk Akureyrar.

24, 25, 26 Skrifstofa, atvinnuþróun og menning:

Reynt er eftir fremsta megni að skipta kostnaði niður á viðkomandi deildir samtakanna en þegar kostnaður er ekki sérgreindur fellur hann á skrifstofu SSNE (deild 24).

Umsýslukostnaður vegna sóknaráætlunar er 12 m.kr. á ári og ekki er gert ráð fyrir að sú upphæð breytist á næsta ári. Þessi fjárhæð nýtist í rekstur sóknaráætlunar, s.s. nefndarlaun, ferðakostnað, funda- og viðskiptakostnað, auglýsingar o.fl. Það sem stendur eftir er fært sem tekjur á skrifstofu SSNE, 8,2 m.kr. á árinu 2022 (6,3 m.kr. í fyrri áætlun). Raunverulegur kostnaður við rekstur sóknaráætlunar er þó meiri en kostnaður við bókhald, endurskoðun og prentun fellur á skrifstofuna. Á árinu 2023 er áætlað að 7,6 m.kr. færist sem tekjur á skrifstofuna vegna þessa.

Annar starfsmannakostnaður, sem færist á deild 24, var samkvæmt uppgjöri fyrir sl. ár 1,8 m.kr. Ástæða þess var kostnaður vegna ráðningar starfsfólks og mun þessi kostnaðarliður verða helmingi lægri árið 2022 og aukast lítillega í áætlun fyrir 2023.

Húsaleiga mun hækka umfram breytingu vísitölu á næstu árum, en fyrir dyrum stendur flutningur skrifstofunnar á Húsavík.

Aðrar deildir:

31 Samstarf landshluta:

Hér er um að ræða kostnað vegna samstarfs landshlutasamtakanna, þ.e. ferðakostnað framkvæmdastjóra og stjórnarformanns.

32 Svæðisskipulag Eyjafjarðar:

Í svæðisskipulagsnefnd sitja 14 nefndarmenn og er allur kostnaður sem fellur til vegna verkefnisins endurgreiddur af sveitarfélögunum. Árið 2022 er gert ráð fyrir launum formanns 12 mánuði ársins og þremur fundum.

Fagráð

Nýr liður í fjárhagsáætlun eru þrjú fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar, umhverfismála og menningar og er áætlaður kostnaður fagráðanna ársins 2022 2,3 m.kr.



41 Aðgerðaáætlun:

Um er að ræða laun fulltrúa SSNE í starfshópum/verkefnastjórnnum, s.s. verkefnisstjórn vegna Blöndulínu 3, aðgerðahóp um Akureyrarflugvöll, starfshóp sem hefur það hlutverk að skilgreina svæðisbundið hlutverk Akureyrar og starfshóp um stafrænt ráð sveitarfélaga. Kostnaður við aðgerðaáætlun var óverulegur árið 2021 og ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á næstu árum.

50 Evrópuverkefni:

Verkefni sem verkefnastjóri hjá SSNE sinnir. Allur kostnaður sem fellur til verður endurgreiddur sem og 30% af launum verkefnastjóra.

61, 62, 63 Brothættar byggðir:

Byggðastofnun greiðir framlög vegna reksturs á verkefnunum Betri Bakkafjörður og Glæðum Grímsey. Ýmiss annar kostnaður, s.s. bókhald, endurskoðun, rekstur tölvukerfis, símakostnaður og kostnaður við innleiðingu á Teams fellur á skrifstofu 24. Enginn hagnaður er af þessum verkefnum.

Verkefninu Glæðum Grímsey lýkur á þessu ári, en Betri Bakkafjörður verkefnið varir út árið 2023.

74 Skólaþjónusta:

Kostnaðarliðurinn skólaþjónusta er lífeyrisskuldbinding vegna Skólaþjónustu Eyþings og hefur kostnaður vegna þessa verið áætlaður ríflega milljón króna undanfarin ár. Raunverulegur kostnaður hefur þó verið mun hærri í uppgjörum. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð og staðfest af tryggingastærðfræðingi. Byggt er á tryggingafræðilegum forsendum og eru helstu forsendurnar; 2% vextir, lífslíkur samkvæmt reynslu LSR á árunum 2014 til 2018 með spá FÍT um lækkandi dánartíðni á Íslandi og örorkulíkum skv. reynslu LSR 2010 - 2014. Inn í útreikninginn er nú tekin spá FÍT um lækkandi dánartíðni sem að hefur einhver áhrif til hækkunar á matinu.